

*H. Steinsson*

H A U K A D A L U R

1 9 8 2

Mars 1983

Baldur Þorsteinsson

# H a u k a d a l u r

1982

## 1. Veðurfar .

Veðurskýrslur fyrir árið 1982 eru ekki komnar gegnum vinnslu hjá Veðurstofu. Í fyrri skýrslum hefir verið tekið mið af veðurfari á Hæl í Gnúpverjahreppi, en réttari viðmiðun fengist e.t.v. frá Jaðri í Hrunamannahreppi.

Jaðar 1971-1980:

	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Hit	-2.4	-0.9	-0.1	2.2		8.7		10.0	6.6			-2.1
Hám.	0.4	1.7	2.5	4.9		12.3		13.4	9.9			0.9
Lágm.	-5.5	-3.7	-3.0	-0.6		5.1		6.8	3.6			-5.3
Úrk.	91.2	125.3	117.3	95.3		87.6		105.1	99.5			102.5

Þótt þessar tölur frá Jaðri gætu verið sambærilegar við láglendið í Haukadal, þá verður að telja sennilegt að hlýrra sé þar uppi í hliðum að sumarlagi heldur á bökkum Hvítár.

Veðráttta var hagstæð trjágróðri og engin sjáanleg áföll hafa orðið af hennar völdum. Sumarið mun þó teljast í kaldara lagi. Fyrstu mánuðir ársins voru í þurrara lagi, en apríl allt að helmingi úrkomusamari (181%). Í júlí komu miklar hellidembur, en ágúst og fyrsti þriðjungur af september voru fremur þurrir en svalir. Fyrstu frost við jörð á láglendi voru 27. ágúst, en ekki voru nein frost að ráði fyrr en eftir miðjan nóvember. Eftir það setti niður mikinn snjó.

## 2. Vöxtur og þrif.

Vöxtur virðist allgóður og sums staðar óx sitkagreni afar vel, t.d. í 4514. Stafafura slapp við veðurskemmdir, en enn sér merki um sviðnunina frá febr. 1981.

## 3. Starfsfólk.

Dagana 21. júní till 16. júlí unnu 3-4 stúlkur við að klippa frá og snyrta toppa, alls 70 dagsverk.

Iðnaðarmenn luku störfum við starfsmannahús laugar-  
daginn 17. júlí, en starfsfólk flutti þar inn mánud. 19.

Verkstjóri var ráðinn Einar Gunnarsson, sem var við  
nám á fyrsta ári í skógtækniskóla. Reyndist hann í alla  
staði ötull og samvizkusamur. Hann þurfti að hætta störfum  
3. september vegna skólagöngu sinnar og var alvöru-úthaldi  
þá hætt, en dvalið var með nokkra starfsmenn nokkra daga  
í senn í sept.-nóv. við frágang utanhúss og jólatré.

Fæðisdagar í matarfélagi töldust 161.

Vinumánuðir eru í tölvuútskrift taldir 13.30.

Launagjöld eru talin kr. 158.100.-. með smávegis akstri.

#### 4. Girðingar.

Greipur Sigurðsson sá um lítilsháttar aðdyttingu að  
girðingu, en það hrekkur skammt því heita má að þörf sé  
á að endurgirða mest alla girðinguna, enda hefir lítið  
verið fyrir hana gert síðustu tvo áratugin.

#### 5. Jólatré.

Fyrstu trén voru merkt 15. sept., síðan aftur 28. sept.  
og síðast 22. nóv.

Fyrstu trén voru felld 27. okt. og nokkur þeirra flutt  
til Reykjavíkur. Síðustu trén voru felld 22.-23 nóv. og var  
lokið við flutning á þeim 24. nóv. Mátti það ekki seinna vera  
sakir vaxandi frosta.

Sala á jólatrjám að frádregnum afslætti og söluskatti:

Kaupandi	Rauðgreni stk. kr.	Stafafura stk. kr.	alls stk. kr.
Landgræðslusjóður	199 59.562	18 4.567	217 64.129
Skógr.fél. Rvk.	223 40.989		223 40.989
Alls	422 100.551	18 4.567	440 105.118

Meðalverð á rauðgreni er kr. 238.- en á furu kr. 254.-

Stærðaskipting á rauðgreni var þessi:

0.70-1.00 m	8 stk	2.00-2.50 m	37 stk
1.00-1.26 "	55 -	2.51-3.00 "	2 -
1.26-1.50 "	122 -	3.01-4.00 "	12 -
1.51-1.75 "	105 -	4.01-5.00 "	7 -
1.76-2.00 "	74 -	Alls	422 stk.

Launakostnaður við jólatré nam um 12.000 kr., sem svarar til um 11% af nettó söluverði. Þar við bætist bíla-leiga og flutningur í bæjinn.

Tafsamt reyndist að ná saman þessum fáu trjám. Skiptust þau nokkurn veginn sem hér segir:

Reitur 1011	20 stk.
- 1012-1022	92 stk.
- 2010-2015	155 stk.
- 2019-2025	57 stk.
- 2062	17 stk.
- 2071	82 stk.

Trén voru að nokkrum undanteknum, flutt með flutninga-bíl frá Tumastöðum. Gekk það bæði fljótt og vel, en erfitt er að hlaða yfirbyggða bíla án þess að tré skemmist.

(Í töfluna hér að ofan vantar stafafuru úr reit 2121, 18 stk.)

#### 6. Gróðursetning.

Gróðursettar voru þessar plöntur:

Stafafura, Skagway, 952 2/2	8.600 stk.
Stafafura, Haines, 908 2/2	1.400 -

Gróðursett var dagana 10.-13. júní, alls 28 daga.

Gróðursett var í svæðið 1012-1022 og niður í gamla rauðgrenið í 1011. Þá gróðursettu kvenfélagskonur nokkrar plöntur austur við Langamel.

#### 7. Hirðing plantna.

Verulegur tími fór í hirðingu plantna og áburðargjöf.

Klipptir voru tvítóppar, klippt frá og sagað frá í Miðhlíð ofan furubeltis (1012-1022), og neðan vegar (2012, 2014 og 2015). Þá voru um leið sagaðar rásir í ógrisjað svæði milli 1022-23 og 2012-2014.

Sagað var allrækilega frá í 1041, 1042 og 1072, en þar var allt greni að fara á kaf í birki.

Klipptir voru tvítóppar og klippt frá í 2062, 6170 6174 og 6078 og smávegis í Miðskógi. Þá voru einnig klipptir tvístofnar í lerki í 6025.

Hreinsað var frá smáfuru, gróðursettri 1981, í 1041, einnig furunni frá vorgróðursetningu 1982.

## 8. Áburður.

Flugvél Landgræðslu ríkisins, TF TÚN, dreifði 4.2 tonn-  
um af áburði fyrstu dagana í júlí. Flogið var yfir svæðið  
neðan við Kolabrekkur, austan Stekkjartúns, austurhluta  
Stekkjjarhlíðar og efsta hluta Miðhlíðar, alls um 10 ha.

Dagana 10.-16. júlí var handdreift um 15 pokum af  
GRÆDI 2 (23-11-11), 15-20 g/pl., á Tortumýri alla, reitina  
meðfram Miðskógargili og reit 6079. Lítil árangur sást  
af þessari áburðargjöf á Tortumýri. Skammturinn hefir að  
líkindum verið of lítill.

Frá 11. til 27. ágúst var borið á þessi svæði:

2062, 11/8. ca 15 g/pl. alls 125 kg

1042, 13/8. borið á smáfuru frá gróðursetningu 1981,  
ca 15 g/pl. 26-27/8. borið á grenið .

1041, 26/8., ca 25 g/pl.

1071 og 1072, 27/8., ca 25 g/pl.

6078, 13/8., 25-30 g/pl.

Tortumýri, sitkagreni, gróðursett 1979. Svo átti að  
heita, að borið hefði verið á hér 10.-16. júlí, en  
þess sáust ekki merki svo sett voru 25 g/pl.

Bryggjumýri, 16/8. Borið á allan alaskavíðinn ca 15 g/pl.  
Borið á reiti 7027-7030, gróðursetning 1981. Samkvæmt  
skýrslu verkstjóra voru vinnubrögðviðunandi í reitum  
7027-7030. Skammtar mjög misjafnir og áburður lá á plönt-  
um og upp við stofn. Á þetta svæði fóru 11 pokar. (Eftir  
áburðarmagni og plöntufjölda að dæma hafa verið sett hér  
40-50 g/pl. ).

1033, Mjög gult rauðgreni frá 1955, ca 30g/tré.

Blágreni, sem er ofan við lerki í 1031 og blágreni rétt  
vestan við Svartagil.

## 9. Byggingar.

Smíðir hófu ekki vinnu við starfsmannahús fyrr en 14.  
apríl, unnu þá í þrjá daga við að einangra vegg, en þá  
varð vegurinn frá Geysi ófær fyrir þungaflutning svo steypu-  
bíll, sem átti að flytja ílagnaðefni í gólf komst ekki á  
staðinn. Leið svo mánaðartími, en 21. júní var byrjað af  
fullum krafti og verkinu lokið 17. júlí. Var þá komið 2  
mánuði fram yfir skilafrest.

Iðnaðarmenn bjuggu í rauða kofanum meðan á framkvæmdum stóð, en fæði var keypt hjá Kristínu Sigurðardóttur á Geysi. Fæðisdagar iðnaðarmann voru alls 105, kostnaður kr. 24.836

Reikningur Einingahúsa, Sigurðar Guðmundssonar, Selfossi	kr. 373.079.-
Annar stofnkostnaður, frágangur umhverfis hús, húsgögn og endanlegur frágangur hitaveitu	" 96.450.-
Fæði iðnaðarmanna	" <u>24.836.-</u>
Alls kr.	<u>494.365.-</u>

Björn Sigurðsson hjá Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins var eftirlitsmaður af hálfu verkkaupa. Hann reiknaði kostnaðarverð hússins með öllu tilheyrandi fært til verðs við lokagreiðslu. Nam þessi upphæð kr. 900.000.- .

Eins og áður hefir verið skýrt frá, er húsið hitað upp með því að leiða kalt uppsprettuvatn inn í forhitara í Marteinshver. Þessi aðferð til upphitunar hefi í för með sé mjög mikla tæringarhættu. Kom það greinilega í ljós, er líða tók á sumar, að heita vatnið var mjög óhreint og bar með sér svarf úr aðveiturörum.

Um miðjan október var ákveðið að sækja um rafmagnsheimtaug að starfsmannahúsi. Raunar hafði verið sótt um heimtaug árið 1980 og þá alla leið upp í kirkju, en þeim framkvæmdum hafði (því miður) verið slegið á frest. Nú var ákveðið að láta heimtaugina enda við starfsmannahús, því auðvelt yrði að hita kirkjuna upp með vatni og voru lögð drög að því með plastlögn upp að kirkju. Þar sem mælt hafði verið fyrir heimtaug 1980 og áætlun lá fyrir, þá var unnt að hefja verkið mjög fljótlega. Kostnaður var reiknaður eftir áætlun Rafmagnsveitna ríkisins frá byrjun árs, kr. 238.346.-.

Sóknarnefnd Haukadalssóknar gaf kr. 10.000.- til hins nýja starfsmannahúss. Var fjárhæðin notuð til þess að kaupa stóla og borð í setustofu. Búnaðarfélag Biskupstungna veitti styrk til vatnsveitu kr. 10.484.-

10. Annað.

Hér verður getið nokkurra heimsóknna á staðinn:

Þann 22. júlí kom hópferðabíll með Norðmenn, Skogoppsynet í Nord-Trøndelag á hringferð um landið. Það var úr-hellis rigning og var aðeins farið upp í hlíð.

Þann 26/7. var biskupsvisitasía í Haukadalskirkju og sóknarnefndarfundur á eftir. Var sóknarnefnd boðið að taka á móti kirkjugestum í starfsmannahúsi. Biskup, ~~erra~~<sup>herra</sup> Pétur Sigurgeirsson, bauðst til að vígja húsið og var það boð þegið. Sóknarnefnd afhenti gjöf til hússins, sem áður er frá sagt.

Þann 3/8. kom hópur frá Inn-Trøndelag Skogselskap ásamt skógræktarstjóra og konu hans. Farin var stutt hringferð upp í Miðhlíð og að því loknu boðið upp á veitingar.

Síðasti hópurinn kom 1. sept. Þetta var þingmannanefnd landgræðsluáætlunar undir stjórn Sveinbjörns Dagfinnssonar. Í förinni voru og forstjórar landbúnaðarstofnana.

Útgerð var hætt föstudaginn 3. september.

Reykjavík, 11.3. 1983